

---

# DEILISKRÁNING VEGNA SUMARBÚSTAÐABYGGÐAR Í LANDI GRJÓTÁRGERÐIS/FJÓSATUNGU Í FNJÓSKADAL

---



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2013  
FS518-13061

---

*Ljósmynd á forsíðu er af túngarði í Grjótárgarði (SP-084:008)*

©2013

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

[www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## EFNISYFIRLIT


<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
<b>2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF .....</b>	<b>7</b>
<b>3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU .....</b>	<b>9</b>
<b>4. FORNLEIFASKRÁ .....</b>	<b>11</b>
<b>5. FORNLEIFAR INNAN ÚTTEKTARSVÆÐA Í LANDI GRJÓTÁRGERÐIS.....</b>	<b>29</b>
a) Áætluð frístundabyggð á 37 ha reit norðan við Grjótá .....	29
b) Einkafrístundalóð í suðausturhorni deiliskipulagsreits .....	30
c) Grjótárgerði - einkalóð .....	30
d) Íbúðarlóð .....	31
e) Aðkomuvegur að sumarbústaðabyggð .....	31
<b>6. HELSTU NIÐURSTÖÐUR FORNLEIFAÚTTEKTAR INNAN ÚTTEKTARSVÆÐA.....</b>	<b>33</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>35</b>
<b>HNITASKRÁ Í ISN93.....</b>	<b>37</b>
<b>KORT af úttektarsvæði og fornleifum</b>	



# 1. Inngangur

Í lok ágúst 2013 var gert samkomulag milli Fornleifastofnunar Íslands og landeiganda í Fjósatungu í Fnjóskadal um að stofnunin myndi sjá um úttekt á fornleifum innan deiliskipulagsreits í landi jarðarinnar. Á jörðinni eru ráðgerðar talsverðar framkvæmdir vegna sumarbústaðabyggðar í heiðarrótum, sunnan við bæ í Fjósatungu, á því landsvæði sem áður tilheyrði jörðinni Grjótárgerði sem nú er farin í eyði. Samið var um að úttektin færi fram sem fyrst, fyrir haustlok, og að skýrsla yrði unnin strax í kjölfarið.

Svæði sem var undir í úttektinni, er 1. áfangi sumarbústaðabyggðar, 37 ha svæði þar sem 30-35 sumarbústaðalóðir eru ráðgerðar.<sup>1</sup> Einnig var tekið út vegarstæði vegna aðkomu inn á svæðið og þrjár minni lóðir í nágrenni deiliskipulagsreits. Elín Ósk Hreiðarsdóttir skráði fornleifar innan



*Fjósatunga í Fnjóskadal sýnd með rauðum hring á Íslandskorti. Íslandskort fengið af heimasíðu Landmælinga Íslands.*

deiliskipulagsreits í september 2013 og sá hún einnig um úrvinnslu og skýrslugerð en Guðmundur H. Gunnarsson hjá Búgarði sá um kortagerð vegna verkefnisins. Áður en svæðið var kannað á vettvangi var rætt ítarlega við Ragnar Jónsson, fyrrum ábúanda í Fjósatungu og einnig var rætt við hann á meðan úrvinnslu verkefnis stóð. Eru honum færðar bestu þakkir fyrir góða hjálp.

---

<sup>1</sup> En þess má geta að hugmyndir eru uppi um að lengja svæðið til norðurs, allt að Stóragili í framtíðinni. Sú viðbót var hins vegar ekki tekin út og er ekki til umfjöllunar í þessari skýrslu.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort og hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).



## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu Þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein Þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar

og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.



### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í september 2013 fór fram úttekt á nokkrum reitum innan jarðarinnar Fjósatungu í Fnjóskadal. Svæðin eru öll innan landssvæðis sem áður tilheyrði lögbýlinu Grjótárgerði en eftir að það fór í eyði á 4. áratug 20. aldar féll það undir Fjósatungu. Fornleifaskráningin miðaðist við ítarlega úttekt á 37 ha stórum deiliskipulagsreit sem nær frá Grjótá til norðurs í vestanverðum Fnjóskárdal. Jafnframt var áhrifasvæði aðkomuvegar að sumarbústaðabyggð kannað sem og þrjár minni lóðir í suðausturhorni deiliskipulagsreits og austan marka hans (samtals um 7 ha). Við skráninguna voru loftmyndir kannaðar og reitirnir svo gengnir þannig að góð yfirsýn fengist yfir þá og jafnframt var gengið eftir vegarstæði frá þjóðvegi (um Fnjóskadal) og að deiliskipulagsreit en til stendur að betrubæta veginn sem þar er og gera að aðkomuvegi sumarbústaðabyggðar. Við þá úttekt tekið út 20 m breitt svæði til beggja átta frá vegarjaðri. Notast var við þá vinnureglu að skilgreina allar fundnar minjar innan deiliskipulagsreita „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að sumum minjanna megi vel hlífa við skemmdum með réttum aðgerðum. Minjar í eða innan við 5 m frá vegi voru einnig flokkaðar í stórhættu en minjar á milli 5-20 m frá vegi töldust innan áhrifasvæðis vegarframkvæmda og voru því flokkaðar í hættu. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Sökum þessa falla þær fornleifar sem koma við sögu í skýrslu þessari undir Grjótárgerði (SP-084) þó að þær tilheyri í dag Fjósatungu sem Grjótárgerði féll undir þegar jörðin fór í eyði. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-084:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernjar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert

er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni. Í skýrslunni hér á eftir fylgir öll fornleifaskrá jarðarinnar Grjótárgerðis en þeir staðir sem ekki eru innan eða á áhrifasvæðis þess sem tekið var út og koma því ekki við sögu í skýrslunni eru einkenndir með ljósgráum lit.

## 4. Fornleifaskrá

### SP-084 Grjótgerði/Grjótárgerði

1712: Jarðardýrleiki 5 hdr. Hluti af Fjósatungu og hjáleiga þaðan. JÁM XI, 82. Jörðin hefur oftast verið nefnd Grjótárgerði en ekki Grjótgerði. "Útigangur svipull fyrir fannalögum...Túninu spillir bæjarlækurinn með grjótsáburði. Enginu spilla og lækir skaðlega með grjóts og sands áburði...Úthagarnir eru bjarglegir." JÁM XI, 82.



*Heimatúnið í Grjótárgerði árið 1927 en myndina tók Hans Kuhn og birtist hún í bókinni Úr torfbæjum inn í tækniöld, III. bindi, bls. 419.*

1918: Tún 1,5 ha. og þar af sléttað um 1/3. "Grjótá er allmikil þverá, sem kemur ofan af Grjótárdal langt suðvestan af fjalli..." LP I, 145.

Jörðin fór í eyði 1937. LP I, 145.

**SP-084:001** Grjótgerði bæjarhóll bústaður

65°37.899N 17°50.327V

"Bærinn stóð í hvammi við ána, og er hún búin að brjóta þar völl," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna. Bæjartóftin sést þó enn. Hún er um 50 m sunnan við aðkomuveg að ráðgerðri sumarbústaðabyggð í hlíðinni, á bakka Grjótár. Myndir af heimatúninu er að finna í bókinni Úr torfbæjum inn í tækniöld. Flatt túnstæði á bakka grjótár, gróið snöggu grasi. Eitthvað hefur verið reynt að gróðursetja tré í brekkunni norðan við tún og efst í túni.

"Bygt fyrir manna minni suður frá heimajörðunni..." JÁM XI [Grjótá] var búin að rífa sunnan af bæjarhúsunum, sem voru úr torfi og grjóti að veggjum til, síðustu árin sem jörðin var í

ábúð," segir í örnefnaskrá. "Grjótárgerði þótti allgott kot og átti enjgar hið neðra. Var þar löngum vel búið...Vel mætti enn byggja Grjótárgerði, án þess að Fjóstunga smækkaði mjög eða rýrnaði," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna.

Áin hefur eitthvað gengið yfir á þessum stað en tóftin er mjög stæðileg og um 22 x 17 m stór og snýr nálega austur-vestur. Bæjartóftin skiptist í 6-7 hólf sem raða sér í tvær raðir samhliða og snúa nokkurn veginn austur-vestur. Framhlið bæjar hefur snúið í austur. Svolítil bæjarhóll er greinilegur undir tóftinni. Frá bænum var yfirbyggður gangur og út að Grjótá til að auðvelda vatnsburð á vetrum samkvæmt Ragnari Jónassyni heimildamanni.

**Hættumat:** hættu, vegna rofs

**Heimildir:**Túnakort 1918; Ö-Grjótárgerði, 1; LÞ I, 145; JÁM XI, 82, Úr torfbæjum inn í tækniöld III, bls. 419

**SP-084:002** tóft hesthús 65°37.923N 17°50.190V

"Skammt neðan bæjartóttanna, sunnan við gamlan garð [008], lækkar landslagið; er það kallaður Hringur. Austur frá honum er Hesthúsvöllur. Þar var hesthús," segir í örnefnaskrá. Hesthústóftin var fast utan eða suðaustan við túngarð 008. Það sést enn. Hún er 20-30 m norðan við Grjótá en rúmum 60 m sunnan við veg sem liggur að ráðgerðri sumarbústaðbyggð í hlíðinni. Flatt túnstæði á bakka Grjótár, gróið snöggu grasi. Eitthvað hefur verið reynt að gróðursetja tré í brekkunni norðan við tún og efst í túni.

Tvískipt tóft af hesthúsi er á þessum stað. Tóftin er gróflega áætlað um 10 x 10 m stór. Austara hólfíð er skýrara og þar sjást allt að 8 umför af grjóthleðslu í veggjum. Op er á austara hólfinu á austurvegg, fremur austarlega. Op hefur einnig verið á milli hólfna en nú er nærri alveg hrunið fyrir það. Hólfín tvö hafa verið áþekkt.

**Hættumat:** hættu, vegna rofs

**Heimildir:**Túnakort 1918, Ö-Grjótárgerði, 2

**SP-084:003** tóft útihús 65°37.922N 17°50.302V

Um 30 m norðaustan (neðan og norðan) við bæ 001 er tóft sem er merkt inn á túnakort frá 1918. Hún er um 28 m sunnan við veg sem liggur að fyrirhuguðu sumarbústaðalandi í hlíðinni. Tóftin er signari og óljósari en flestar hinar útihúsatóftirnar í túninu. Flatt túnstæði á bakka Grjótár, gróið snöggu grasi. Eitthvað hefur verið reynt að gróðursetja tré í brekkunni norðan við tún og efst í túni.

Tóftin er 8 x 12 m stór og snýr ANA-VSV. Grjóthrúga er við suðausturhornið og svolítið af grjóti er við suðausturhorn. Annars er tóftin algróin. Tóftin virðist hafa skipst í tvö hólf en þau eru nú óskýr og má vera að áin hafi gengið yfir tóftina.

**Hættumat:** hættu, vegna rofs

**Heimildir:**Túnakort 1918

**SP-084:004** Lambhús tóft lambhús 65°37.894N 17°50.389V

"Túnið er löng og mjó ræma, sem takmarkast að sunnan að Grjótá, en að norðan af hækkandi landslagi. Völlurinn er ofan bæjartóttanna er einu nafni kallast Uppvöllur. Á



Uppvellinum stóðu fjárhús í tvennu lagi, Ærhús [005] ofar, en Lambhús rétt neðar. Var áfastur kofi sunnan við það," segir í örnefnaskrá. Lambhúsið er um 30 m vestan við bæ en um 5 m austan við Ærhús 005. Stakstæður kamar er um 5 m vestan tóftar. Flatt túnstæði á bakka Grjótár, gróið snöggu grasi. Eitthvað hefur verið reynt að gróðursetja tré í brekkunni norðan við tún og efst í túni.

Tóftin er 11 x 16 m stór snýr nálega austur-vestur. Tóftin skiptist í tvö hólfið að framan og eitt að aftan. Syðra hólfið að framan snýr austur-vestur og op er á það á austurvegg syðst en annað op er á norðurvegg yfir í nyrðra hólfið. Það snýr eins og er einnig með opi á miðjum austurvegg. Eftir nyrðra hólfinu endilöngu gengur garði. Að baki hólfanna er þriðja hólfið sem líklega var hlaða og snýr það þvert á þau. Hlaðan er dýpst og þar sjást 10-12 m umför hleðslu. Samkvæmt Ragnari Jónassyni, heimildamanni fóru þessi hús oft alveg á kaf í snjó á vetrum.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:**Túnakort 1918, Ö-Grjótárgerði, 1,

**SP-084:005** Ærhús tóft fjárhús

65°37.886N 17°50.414V

"Túnið er löng og mjó ræma, sem takmarkast að sunnan að Grjótá, en að norðan af hækkandi landslagi. Völlurinn er ofan bæjartóttanna er einu nafni kallast Uppvöllur. Á Uppvellinum stóðu fjárhús í tvennu lagi, Ærhús ofar, en Lambhús [007] rétt neðar," segir í örnefnaskrá. Ærhústóftin er rúmum 50 m vestan við bæ 001 en 28 m sunnan við veg sem liggur að ráðgerðu sumarbústaðalandi í hliðinni ofar.

Flatt túnstæði á bakka Grjótár, gróið snöggu grasi.

Tóftin er tvískipt og er 19 x 7 m stór og snýr nálega austur-vestur. Fast norðan tóftar er hins vegar hæð og má ætla að þar leynist mannvistarleifar undir sverði. Þar vex m.a. rabbabari og gæti áður hafa verið kálgarður eða jafnvel eldri byggingarstig útihústófta. Samtals er því tóftasvæðið um 20 m á kant. Tóftin skiptist í tvennt. Austar eru sjálf fjárhúsin sem snúa austur-vestur. Eftir þeim endilöngum gengur garði og er steipt kindabað í honum austast. Vestar er hlaða sem snýr þvert á fjárhúsin. Grasi gróin hæð er 5 m vestan við fjárhúsið og í henni er dæld sem er 3-4 m í þvermál. Samkvæmt Ragnari Jónassyni, heimildamanni fóru þessi hús oft alveg á kaf í snjó á vetrum. Til er ljósmynd af fjárhúsi í Grjótártúni frá 1927 og birtist hún í bókinni Úr torfbæjum inn í tækniöld. Hún er líklega af þessu húsi.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:**Túnakort, Ö-Grjótárgerði, 1, Úr torfbæjum inn í tækniöld II, 452

**SP-084:006** varða óþekkt

65°37.963N 17°50.199V

Þrjár vörður eru við malarveg sem liggur að ráðgerðri sumarhúsabyggð í landi Grjótárgerðis. Vörðurnar eru á bilinu 5-30 m frá vegarstöðanum. Vörðurnar eru á lítt grónum melrana. Snöggt gras og lyng vex í hliðum melsins en hann er gróðurlaus í toppinn.

Engin af vörðunum er verulega umfangsmikil eða fornleg en þær eru þó misgerðarlegar.



*Vörðurnar þrjár (SP-084:006). Á mynd til vinstri er horft yfir vörðu A og til vesturs að vörðu B. Á mynd til hægri er varða C, horft til VSV.*


Varða A er austast. Hún er um 1 x 0,8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,3 m á hæð og er lítt gróin. Varðan sýnist ekki sérstaklega fornleg. Varða B er um 15 m VSV við vörðu A, á sama hólrana og báðar eru þær sunnan við veg. Varða B er hringlaga og tæpur 1 m í þvermál en 0,3-0,4 m á hæð. Varða B er fremur ógróin og nýleg. Varða C er um 30 m vestan við vörðu B og um 10 m norðan við bíslóðann. Hún er gróin mosa í botninn og gæti verið eldri en hinar vörðurnar tvær. Hún er um 1,3 x 0,9 m að stærð og snýr VSV-ANA. Efst í vörðunni eru steinar sem eru alveg ógrónir mosa og gætu verið seinni tíma viðbót. Ragnar Jónsson, heimildamaður, kannast ekki við vörðurnar eða veit í hvaða tilgangi þær voru byggðar. Þær kunna, eins og áður segir, að vera fremur nýlegar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-084:007** náma svarðargrafir

65°38.134N 17°50.945V

Ragnar Jónsson, heimildamaður, man eftir því að hafa rekst á niðurgröft í mónum sunnan við Fjósatungu fljótlega eftir að hann flutti á jörðina. Um var að ræða skurð sem fyllst hafði af



*SP084:007, meintur niðurgröftur. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til norðurs á mynd til hægri*

vatni og taldi hann að þarna hefði verið gerð misheppnuð tilraun til mógrafa. Skurðurinn var aldrei fylltur þrátt fyrir að hann gæti verið hættulegur skepnum enda fylltist hann gjarnan af vatni í bleytutíð. Gengið var um svæðið norðan túna sem gerð voru þar sem Ytri- og Syðri-Mór voru. Þar fannst niðurgröftur sem líklega er umrædd gröf. Hann er um 650 m NNV við bæ í Grjótárgerði 001 en um 900 m SSA við bæ í Fjósatungu 082:001. Keldan er 45-50 m neðan (austan) við fjallsgirðingu en sunnan túns sem var gert í mónum norðan við Grjótá. Gröfin er í mýri sem er vaxin staragróðri.

Mannaverk virðist á keldunni, skarpur niðurgröftur sést sem er 2,5-2 x 1-1,5 m og snýr ANA-VSV. Keldan er stútfull af vatni og virðist nokkuð djúp. Lækjarsytra liggur til austurs frá niðurgreftrinum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**SP-084:008** garðlag túngarður

65°37.920N 17°59.354V

"Neðan bæjartóttanna heitir Niðurvöllur. Neðsti hluti vallarins, er liggur austur frá gömlum vallargarði, er nefndur Sléttur," segir í örnefnaskrá. Túngarður markar af bæjarstæðið í Grjótárgerði og er hann nærri því alveg heill þó aðeins vanti upp á vesturenda hans.

Garðurinn umlykur slétt tún við bakka Grjótár. Hann afmarkar h.u.b. allt það svæði sem rækta mátti á þessum stað.



*SP-084:008 túngarður. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til vesturs á mynd til hægri.*

Garðurinn markar af svæði sem er um 180 x 65 m stórt og snýr ANA-VSV. Nyrst er hann 3-4 m frá brekkukverkinni. Norðar er malarkambur og þar ofan liggur aðkomuvegur að sumarbústaðalandi. Þar sem minnst er, er garðurinn aðeins um 10 m frá veginum. Tóftirnar innangarðs eru hins vegar allar meira en 20 m frá vegi. Hlið eða skarð er í hann á miðjum norðurvegg. Garðurinn er mjög misgreinilegur þar sem mest er nær garðurinn um 2,5 m breidd en víða er hann 0,4-0,6 m á hæð en nær þó allt að 0,9 m hæð þar sem mest er (að norðaustanverðu). Víða er dæld á honum í toppinn. Í suðausturhorni er um 4 m langt rof í garðinn en svo sést hann áfram til vesturs, á hvammsbrúninni, nokkuð greinilega að bæ 001. Ofan eða vestan við bæ 001 er garðurinn ógreinilegur á kafla en verður skýrari eftir því sem vestar dregur og er nokkuð stæðilegur þegar komið er að lambhúsi 004 sem er um 30 m vestan við bæ 001. Garðurinn liggur fram hjá tóft 004 rétt sunnan hennar (2-3 m) og svo áfram að ærhústóft 005 þar sem hann endar í suðausturhorni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Grjótárgerði, 1

**SP-084:009** garðlag óþekkt

65°38.329N 17°51.173V

Fornlegt garðlag liggur í brekkukverkinni á milli Fjósatungu og Grjótárgarðis. Garðlagið er nú slitrótt en virðist hafa legið a.m.k. frá Stóragili og að Grjótárgili. Það er tæpum 700 m ofan við þjóðveg. Garðsins var ekki getið í heimildum í landi Grjótgarðs/Fjósatungu en hann er þó líklega partur af miklu garðlagi sem líklegast lá eftir sveitinni endilangri og stundum var nefndur Fornigarður. Lúther E. Gunnlaugsson skrifaði stutta greinargerð um garðinn og sendi Örnefnastofnun og í henni kemur fram að garðurinn eigi að hafa legið frá Reykjum og jafnvel alla leið að Skuggabjargarhögum við Gæsagil. Frá garðinum hafa legið nokkrir þvergarðar sem enn hafa aðeins að litlu leyti verið kortlagðir. Þar sem garðurinn sést best á því svæði sem tekið var út í september 2013 liggur hann um lyngmóa.



*Garður SP-084:009. Mynd til vinstri er tekin nálægt Grjótá (horft til norðurs) en mynd til hægri norðar og utan úttektarsvæðis, þar sem skurður sker garðinn (horft til suðurs).*

Garðlagið er víða lyngivaxið, sigið og fornlegt. Líklegt er að það sé frá sömu tíð og garðakerfi Þingeyjarsýslna sem tímasett hefur verið frá 10.-13. aldar, í það minnsta bendir útlit þess og lega til þess. Garðurinn er víða 3-4 m á breidd og 0,5 m á hæð. Garðlagið var rakið frá Stóragili sem er í landi Fjósatungu. Frá gilinu má rekja garðinn á um 140 m kafla áður en það er sundurskorið af skurði. Í skurðbarminum má sjá snið af garðinum sem virðist svipað uppbyggður og þeir garðar sem skurðir hafa verið teknir í á þessu svæði, þ.e. alveg úr torfi og e.t.v. hefur lélegra torf verið sett í miðju garðsins. Sunnan skurðarins heldur svo garðlagið áfram í um 90 m áður en komið er að Merkjagili. Á þessum kafla er garðurinn fremur óskýr og verður óskýrari eftir því sem sunnar dregur. Fast sunnan við Merkjagil sést garðurinn ekki en 30-40 m sunnan við gilið má svo greina hrygg sem líklega er framhald garðsins og þar er hægt að rekja hann á um 100 m kafla áður en hann hverfur í mýrarflóa sem þar tekur við sunnar. Þessi hluti er fremur skýr hryggur, allt að 4 m breiður. Á þessum kafla liggja götur á og við garðinn. Á þessu svæði hverfur garðurinn á 500-600 m kafla þar sem mýri og tún taka við. Allra næst Grjótárgili má hins vegar aftur greina fornlegt garðlag sem líklega er hluti þessa sama garðs, á 60-70 m kafla. Þessi syðsti hluti er lyngivaxinn og 2-3 m breiður en 0,8 m á hæð, greinilegastur næst ánni. Samtals má því ætla að garðurinn hafi verið um 1200 m langur á því svæði sem hann var kannaður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fornigarður, 1-4

**SP-084:010** tóft óþekkt

65°38.228N 17°15.065V


Fagurgræn tóft er um 35 m neðan við fjallgirðingu. Tóftin er um 820 m NNV við bæ 001. Grasi og lyngivaxinn stallur í hlíðinni. Neðan hlíðar tekur við brekka að víðfeðmri mýri en ofar lyngivaxin heiðarhlíðin.

Tóftin er fagurgræn og ræktarleg. Hún er um 15 x 13 m stór og hefur skipst í tvö hólf. Að vestan virðist vera lágt gerði 11-12 x 4 m að stærð. Gerðið er opið til norðvesturs og er fremur lágt og gróið. Austan þess er talsverð hæð og í topp hennar er dæld eða hólf sem er 1,5 m í þvermál. Ragnar Jónsson, heimildamaður mundi eftir þústinni en hafði aldrei heyrt á hana minnst sem mannvistarleifar og vissi ekki hvaða hlutverki hún gæti hafa gegnt.

**SP-084:011** Kvíaból tóft kvíar

65°37.891N 17°50.523V

"Rétt fyrir ofan túnið er lítill hvammur. Sér þar enn fyrir réttarveggjum. Þar heitir Kvíaból,"segir í örnefnaskrá. Kvíarnar sjást enn vel um 16 m sunnan við veg að væntanlegri sumarbústaðabyggð en um 130 m vestan við bæ 001. Kvíarnar eru í grösugum, hálfmáralaga hvammi og eru þær því í skjóli að norðan, austan og vestan. Til suðurs tekur Grjótáreyrar við en hvammurinn er um 0,2 m hærri en þær.



*Kvíatóft SP-084:011. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

Tóftin er tvískipt, L-laga og 8 x 7,5 m að stærð. Hún er mjög snotur og eru vegggleðslur hennar víða um 0,5 m á hæð og eru þær úr torfi og grjóti. Í grófum dráttum má skipta tóftinni í tvennt. Hólf A er sunnar. Það er stærra eða 5 x 2 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Um miðbik hólsins er röð af steinum sem skiptir því í tvennt en er alls ekki nógu burðugt til að geta talist leifar veggjar. Norðan við vesturhluta hólf A er svo hólf B. Það er um 2 x 2,5 m að innanmáli og er aðeins lengra norður-suður en austur-vestur. Op er á vesturvegg tóftar miðjum og hefur þaðan verið gengt inn í bæði hólf. Í krikanum utan við tóftina er ekki eiginlegt hólf en þar er gróska og talsverð upphækkun og gæti hafa verið heystæði á þeim slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Ö-Grjótárgerði, 2



**SP-084:012** gerði kálgarður

65°38.011N 17°50.211V

1839: "Hvað garðyrkju snertir tímgast hér ekki jarðepli en kál alllífvænlega," segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna. "Norður frá túninu neðanverðu heitir Leyningur. Takmarkast hann að norðan af lítilli melbrekku; í brekkunni hefir verið kartöflugarður fyrr og síðar," segir í örnefnaskrá. Kálgarðurinn í melbrekkunni sést enn vel og í raun er um tvo garða á sama stað að ræða, þ.e. eldri og yngri. Garðarnir eru um 180 m NNA við bæ 001 en um 50 m norðan við veg sem verður að ráðgerðri sumarbústaðabyggð í hlíðinni. Garðurinn er fast sunnan við girðingu sem virðist girða af reit sem merktur er Grjótágerði-einkalóð á



Gerði SP-084:012. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs en til norðurs á mynd til hægri

skipulagsuppdrátt. Yngri garðurinn hefur án efa verið girtur þó að litlar leifar sjáist eftir af girðingu. Gaddavír sést þó upp úr sverði á stöku stað. Vel má vera að eitthvað hafi verið rutt úr minjum á þessum slóðum. Gerðin eru sunnan í lyngivaxinni hæð og hallar þeim til suðurs. Sjálf brekkan sem gerðin eru í er lyngivaxin og fremur brött.

Í brekkunni má greina tvö byggingarstig kálgarða. Sá eldri (A) er talsvert stærri en er óskýr á köflum og innan hans er annar yngri og smærri garður (B). Stærri garðurinn er um 70 x 10 m stór og snýr eins og brekkan eða ANA-VSV. Eldri garðurinn er mun óskýrari en sá eldri og engin garðhleðsla sést fyrir norðurhlið hans. Aðrar hliðar sjást þó að hluta. Vesturhliðin er sæmilega greinileg og um 10 m löng. Garðurinn er um 1,5 m á breidd en 0,3 á breidd. Suðurhlið gerðisins er sæmilega greinileg sem hryggur í brekkurótum. Garðurinn verður skýrari eftir því sem austar dregur. Austarlega er eins og op eða hlið í garðinn. Það er um 2 m á breidd og liggur austurveggur innri kálgarðs á það. Austasti hluti garðsins er lyngi vaxinn og

fornlegur. Allra austast verður garðurinn óskýrari og ekki er ljóst hvert hann liggur. Um þetta leyti beygði garðurinn og lá upp brekkuna að sögn Ragnars Jónssonar heimildamanns en ekki er lengur hægt að greina skýra austurhlið og framhald hans er því órátt. Yngri garðurinn er 23 x 12 m stór og snýr eins og sá stærri. Norðurhlið yngri garðs er skýrust og gerð úr miklu magni af smáu grjóti. Hún er mest 1,5 m á breidd en 0,7 m á hæð. Talsvert grjót er að sjá í vesturvegg en það fjarar þó út til norðurs og endar þar í einfaldri steinaröð. Austurveggur er vart meira en óljós hryggur en grjót sést þó á um 1 m kafla allra nyrst. Suðurveggur yngra gerðis er vart meira en stallur í brekkunni, þ.e. ekki er að sjá innri brún veggjar þar en niður af jaðrinum hallar skarpt til suðurs og þaðan eru um 0,5 m upp í garðinn. Frá suðvesturhorni er aðeins 1 m á milli yngri og eldri garðs en um 3 m í suðausturhorni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Grjótárgerði, 2; SSP, 56

**SP-084:013** garðlag varnargarður

"Norðan við Höllin, nyrzt í landareigninni, er mólendi, heitir það Merkjamór; nær hann út að Merkjagili. Lækur fellur eftir gilinu, sem heitir Merkjalækur. Austur frá Merkjamó og Hölllum, eða brekku þeirri, sem takmarkar þau að austan, tekur við mýrlendi. Heitir það Ytri- og Syðrimýri. Skilur gamall flóðgarður milli mýrarhlutanna," segir í örnefnaskrá.

EH 2013: flóðgarðurinn sést mjög vel og virðist hafa verið sporöskjulaga. Hann er langt fyrir utan það svæði er skráð var vegna sumarbústaðabygðar.

**Heimildir:** Ö-Grjótárgerði, 2-3

**SP-084:014** *Stekkjjarhvammur* heimild um stekk 65°37.809N 17°50.999V

"Neðst í dalsmynninu [Grjótárdalur] heitir Stekkjarhvammur. Norðan við hann eru Stórhóll [eða Stórhóll, allstór melhóll] og Litlihóll [lítil hólstrýta]. Næsti hvammur þar ofan við er Fossgilshvammur. Dregur hann nafn af því, að...Fossgilslækur fellur fram af háum klettastalli niður í hvamminn. Sameinast lækurinn síðan Grjótánni þar í hvamminum," segir í örnefnaskrá. Lítil sumarbústaður eða kofi hefur nú verið byggður í hvamminum og engar leifar stekkjjar fundust þar innan deiliskipulagsreita. Samkvæmt Ragnari Jónssyni voru þar óljós stekkjjarbrot þegar hann man fyrst eftir sér. Stekkurinn var samkvæmt því um 380 m VSV við bæ 001 í Grjótárgerði.

Stekkjjarhvammur er grasi vaxinn næst sumarbústað en er annars lyngivaxinn og þýfður. Í hvamminum eru tvær sléttur þar sem mannshöndin hefur greinilega komið að verki. Sú austari snýr austur-vestur og er 25 x 9 m stór en sú vestari er 42 x 18 m stór og snýr norður-suður. Þær standa nokkuð hærra en umhverfið, eru grasivaxnar og sléttar. Mögulegt er að mannvistarleifar gætu leynst þar undir sverði en Ragnar taldi þó að leifarnar væru ofar í hvamminum þar sést ógreinileg þúst á einum stað og var hnit tekið þar. Ekki er annað rask að sjá í hvamminum, innan úttektarsvæðis en ekki var gengið eftir árbakka Grjótár þar sem hann er utan úttektarsvæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Grjótárgerði, 3

**SP-084:015** gata leið

65°38.135N 17°50.789V

"Á leiðinni frá Fjósatungu suður í Grjótárgerði er fyrst farið yfir Merkjalæk. Hann rann eftir Merkjugili, sem er ofan girðingar og nokkuð djúpt. Þá kemur Keldustykki, Grundarlækur og Grundin, og þar fyrir sunnan Grjótárgerðismórinn, mikill og myndarlegur mór. Hann er kallaður Syðrimór og Ytrimór [sjá 013] í lýsingu Hallgríms Sigfússonar. Neðan við móinn var svokölluð Háabrekka. Hún byrjaði neðan við göturnar og náði langt austur...Þegar komið er yfir Grjótárgerðismóinn er töluverð brekka niður á Grjótárgerðistúnið, kölluð Barð...Í miklum snjó var oft farið eftir brúnunum fyrir ofan Háubrekku. Var svolítill krókur. Þetta var kallað að fara Randir [016], sem er ekki sama örnefnið og Rönd," segir í viðauka við örnefnaskrá. Göturnar liggja víðast hvar í l yngivöxnum móa en liggja bæði yfir melbarð og undir því á fremur deiglendu svæði, næst Fjósatungu.



*Leið SP-084:015. Á mynd til vinstri sjást óljósir slóðar fast neðan ræktaðs túns en mynd til hægri er tekin norðar í landi Grjótgerðis þar sem slóðarnir verða greinilegir. Á báðum myndum er horft til norðurs*

Götuslóðarnir sjást ekki lengur sunnarlega í landi Grjótárgerðis og hafa þar verið sléttaðir í túni sem eru nú þar sem Syðri- og Ytrimór voru áður. Göturnar verða fyrst greinilegar þar sem túni sleppir, við norðvesturhorn lóðar sem merkt er Grjótárgerði-einkalóð á skipulagsupphrátt og þeir voru greinilegir til norðurs, alla leið að Stóragili á um 850 m löngum kafla, en voru ekki raktir lengra að þessu sinni. Syðst eru göturnar vart meira en einn einfaldur kindaslóði en þær verða fljótlega umfangsmeiri, 2-4 slóðar saman. Slóðarnir eru grunnir og grónir syðst þar sem þeir liggja á mörkum grasi gróinna túna og móa austan við. Þar sem móahæðinni sleppir liggur gatan áfram og liggur þar sem einhvers konar flái eða sylla í brekkunni en þar sem þær liggja neðan úr henni breiðist aftur úr þeim og þær breytast í nokkra slóða. Göturnar eru enn notaðar af kindum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Grjótárgerði viðauki, 1



**SP-084:016** gata leið

65°38.324N 17°51.200V

Leið milli Fjósatungu og Grjótárgerðis: "Í miklum snjó var oft farið eftir brúnunum fyrir ofan Háubrekkuna. Var svolítill krókur. Þetta var kallað að fara Randir, sem er ekki sama örnefnið og Rönd," segir í viðauka við örnefnaskrá. Samkvæmt Ragnari Jónssyni, heimildamanni var þessi efri leið nálega þar sem fjallsgirðingin er nú. Á nokkrum stöðum sést móta fyrir nokkrum samsíða slóðum rétt neðan við téða girðingu og voru þeir raktir frá Stóragili í norðri og til suðurs. Slóðarnir sáuust á nokkrum stöðum en virðast hverfa í mýri um 750 m NNV við bæ í Grjótárgerði 001. Þar sem gatan er greinileg er hún í móa, víða nærri því í brekkulögginni.



*Efri göturnar SP-084:016. Ljósmynd til vinstri er tekin við Stóragil í landi Fjósatungu en mynd til hægri er tekin á því landsvæði sem áður tilheyrði Grjótárgerði, þar sem angi af götunni liggur niður á neðri göturnar (SP-084:015). Á mynd til vinstri er horft til NNA en til SSA á mynd til hægri.*

Gatan er mis greinileg. Víða sjást þó allt að 5 samsíða slóðar. Þeir renna þó víða saman í einn og sjást nokkuð slitrótt í hlíðinni. Göturnar eru nálægt og stundum ofan á gömlu garði, sjá 009sem er afar óljós en virðist þó hafa legið frá Stóragili að Grjótárgili. Við tóft 029 greinist slóðinn og liggur austari hluti hans austan við tóft og sameinast þar leið 015 en vestari slóðinn liggur vestan við tóft og áfram í stefnu til suðurs uns hann hverfur í mýri þar skammt sunnar. Við deiliskráningu 2013 var götunum fylgt á um 430 m löngum spotta.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Grjótárgerði viðauki, 1

**SP-084:017** tóft óþekkt hlutverk

65°37.894N 17°50.472V

Efst eða vestast í heimatúni Grjótárgerðis er einföld tóft. Hún er 100 m vestan við bæ 001. Flatt túnstæði á bakka Grjótár, gróið snöggu grasi. Tóftin er efst í hvamminum sem bærinn er í en annar hvammur tekur við rétt aðeins vestar.

Tóftin er einföld og 6-7 x 6-7 m á breidd. Hún er sigin og grasigróin. Veggir eru óverulegir og mögulega hrúgað upp. Á vesturvegg hefur verið plantað runnaröð. Tóftin er opin til austurs.


**Hættumat:** hætta, vegna rofs



**SP-084:018** hleðsla óþekkt

65°37.955N 17°50.282V

Um 4 m norðan við veg sem þjóna mun sem aðkomuvegur að sumarbústaðalandi er hleðsla. Hleðslan er um 100 m norðaustan við bæ í Grjótagerði 001. Hleðslan er h.u.b. í vegarkraganum en á þessu slóðum liggur vegurinn ofan á melöldu. Lítil gróður er við hana en umhverfis er lyngivaxinn mói.



*Steinaröð SP-084:018 sem fannst í vegakanti aðkomuvegar*

Hleðslan er mjög óveruleg, aðeins nokkrir steinar í röð sem saman mynda ferhyrnda hleðslu. Hleðslan er 2 x 1,1-1,2 m stór og snýr nálega norður-suður. Í austurhlið hennar eru fremur stórir steinar en annars eru víðast smásteinar í henni. Steinarnir eru vaxnir mosa og ekkert op sést á hleðslunni. Sem fyrr segir er ekki um eiginlega veggi að ræða. Stærð þessa mannvirkis bendir helst til að þar hafi geta verið lítil kofi en hafi sú verið raunin eimir nú afar lítið eftir af honum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-084:019** Bíldsárskarð gata leið

65°38.016N 17°51.120V

Fjölfarin leið yfir Bíldsárskarð frá Fjósatungu [SP-082] yfir Vaðlaheiði og niður í Eyjafjörð hjá Kaupangi: "Milli Bæjargils og Hólagils er Garðarindi. Eftir honum liggja götur út og upp á Bíldsárskarð," segir í ornefnaskrá. "Til Fjósatungu liggur Bíldsárskarðsvegur...sem liggur frá Kaupangi í Eyjafirði litlu sunnar en Þingmannavegur [SP-631:007] og liggur eins og hann yfir Vaðlaheiði," segir í bók Kristians Kálunds Íslenskir sögustaðir.

"Frá Fjósatungu lá vegur yfir Bíldsárskarð til Kaupangursveitar, mjög fjölfarin af Fnjóskdælum og Bárðdælum," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslna. "Fjallgarðurinn sem er að austan að þessari byggð [þ.e. Staðarbyggð í Eyjafjarðarsýslu) nefnist Vaðlaheiði. Tveir vegir liggja yfir fjallið eða fjallheiðina, báðir til Fnjóskadals í Suður-Þingeyjarsýslu. Annar þeirra, Þingmannavegur [SP-631:007], liggur um það bil frá suðausturhorni fjarðarins og þaðan í

norðaustur yfir heiðina. Hinn, Bíldsárskarðsvegur, liggur fast hjá bænum Kaupangi, sem er nokkru sunnar. Bíldsá, sem vegurinn er kenndur við, er lítil á sem kemur úr gili í fjallinu, norðan við Kaupangstún og síðan niður að Eyjafjarðará...Eftir nafninu að dæma gæti Bíldsárskarð verið sama og Beljarskarð (Ljósv.75 nm.4), en það örnefni þekktist nú ekki..." segir í Íslenskum sögustöðum. Sr. Sigurður Árnason sýnir leiðina á korti í sýslu-og sóknarlýsingum frá 1838, Sjá Sýslu- og sóknarlýsingar Suður-Þingeyjasýslu. Örnefnalýsing-leiðarlýsing um Bíldsárskarð: "Bíldsárskarð er grunnt skarð í Vaðlaheiði, litlu innar en gegnt Akureyri. Úr því fellur, niður hjá Kaupangi, lítil á, er Bíldsá heitir og dregur skarðið nafn af, þar bjó Helgi magri einn vetur. Vegurinn um skarð þetta er tvískiptur Eyjafjarðarmegin. Syðri leiðin liggur upp með Fiskilæk, þeim er Víga-Skúta kenndi sveitina við og kallaði Fiskilækjarhverfi, upp hjá bæjunum Svertingsstöðum og Brekku og síðan skáhallt norður og upp heiðina, eftir svonefndum Sneiðingi, að Bíldsá. Lítið eitt norðan við Kaupang, er klettur, sem Festaklettur heitir og ofan við hann eru fornar búðatóftir, en norðan við fellur lítill lækur sem Kúalækur heitir. Upp með þeim læk liggur nyrðri leiðin á Bíldsárskarð, upp milli bæjanna Leifsstaða og Fífilgerðis, þar er beygt til suðurs ofan við Fífilgerði og Króksstaði, en ofan við bæinn Króksstaði er talið að lagt sé á heiðina. Fyrst er þá farið upp brattan melrima, sem Sprengibrekka heitir. Ofan við þá brekku, sem efst er nefnd Sprengibrekkuhaus, er beygt til suðurs og farið suður yfir Bíldsá, á all-löngum kafla í djúpu gili og er farið upp sunnan við gilið. Ofan við Sneiðing er brött brekka, en ofan við hana er all breiður og grösugur halli, sem heitir Selhjalli. Ekki er mér kunnugt um, hvort þar hefir verið sel eða tóftir hefi ég ekki heyrt getið um, eða að hjallinn dragi nafn af eyðibýli, sem áður var niður með ánni neðan við Sneiðing, og hét þá Kaupangurssel. Ofan við Selhjalla er stutt brekka upp á lítinn stall, sem Steinhjalli heitir. Næsti hjalli þar fyrir ofan heitir nú Geldingahjalli, en hefir að líkindum áður heitið Rauðihjalli og er hans getið í Víga-Glúms sögu og Sturlunga sögu. - Skammt þar austan við, sem talinn er fjallbrún, er stór steinn, sunnan við veginn, heitir hann Biskupshella. Kippkorn þar fyrir austan gengur hæð, frá suðvestri, niður skarðið, heitir hún Staurshæð. Skammt þar fyrir austan er önnur hæð minni, Austari-Staurshæð. Þar skammt austan við er gróf, sem heitir Sökkugróf. Góðan spöl þar austan við eru tveir hæðarhryggir, sem heita Vestari-og Austari-Flóahryggur, en lægðin á milli þeirra heitir Flói. Þar er upptök Bíldsár. Vestarlega í Flóa er Flóagróf. Þegar komið er á Flóahrygg fer að halla austur af. - Góðan spöl austan við Hryggi er Vestara-Sölvagil, þá er hæð sem heitir Þverfjall og austan við það Austara-Sölvagil. Gil þessi liggja frá suðvestri til norðausturs og koma saman skammt norðan við veginn og liggur gilið eftir það beint til austurs og heitir áfram Sölvagil og lækur, sem í því fellur, Sölvagilsá. Rétt austan við Austara-Sölvagil er allhátt fell eða klettabelti, er liggur fyrst til norðausturs, en síðan til austurs. Fell þetta heitir Axlir. Norðan við Axlir er gil, sem heitir Snekkjugil og liggur það niður fjallið hjá Brúnagerði [SP-083]. Vegurinn liggur norðan við gilið, austur, jafnt Öxlum, en beygir þar til suðurs yfir Snekkjugil á mel, er Lýsingsmelur heitir. Efir það liggur leiðin skáhallt suður og niður heiðina að Grjótárgerði [SP-084]. Á þeirri leið eru þessi gil: Hólagil, Bæjargil og syðst Stóragil. Að vetrinum er alloft farin önnur leið yfir skarðið. Er þá farið af Sprengibrekku, upp norðan við Bíldsá. Liggur þá leiðin upp bratta brekku, sem heitir Melar. Næsti hjalli þar fyrir ofan heitir Nautahjalli. Skammt þar fyrir ofan

móts við Biskupshellu, taka við all víðáttumiklir, mýrarflákar meðfram ánni, en vallendisbrekkur ofar, hallar landinu þar á móti suðri og vestri og er mjög grösugt. Heitir land þetta Sólheimar. Norðan við þá, vestast, er melhóll, sem Kerlingarhóll heitir. Austan við hann, frá norðvestri til suðausturs, er allhár hryggur, sem Brúnukollumelur heitir. Hann er gegnt Staurshæð. Þar austan við taka við mýrarflákar, sem heita Brúnkollumýrar. Norður af Austara-Flóahrygg, og framhaldi af honum, er svonefnt Steinkirkjuhraun, en þar fyrir norðan Steinkirkjugil. Leiðin yfir skarðið hefir verið vörðuð, og eru vörðurnar nú nýlega uppgerðar. Leið þessi hefir verið þekkt og farin þegar á söguöld. Mannaferða um Bíldsárskarð er getið í Ljósvetninga sögu. Líklegt er og að Víga-Skúta hafi farið þá leið á Rauðahjalla. Allt fram á síðustu ár hefir leiðin um skarðið verið allmikið farin, enda má telja að hún sæmilega góð á hestum yfir sumarið, en þó að ekki sé langt yfir fjallið, er það brött og erfið leið að vetrinum, og þeir, sem nú eru á bezta aldri, hafa litla eða enga hugmynd um þá þrekraun, sem forfeður þeirra í fram Fnjóskadal hafa leyst í hundruð ára að bera og draga björg í bú yfir Bíldsárskarð frá Akureyri, ". "Skarð það lá vel við fyrir þá sem komu úr innanverðum Eyjafirði, hvort sem þeir ætluðu í norðanverðan dalinn og til Ljósavatnsskarðs eða suðaustur í Hellnagnúpsskarð áleiðis í Bárðardal." JKK. Getið er um ferðalög um Bíldsárskarð í Þjóðsögum Jóns Árnasonar en þar segir: "Jóakim hét ungur maður á Garðsá í Eyjafirði. Hann komst í kunningskap við stúlku sem Jórunn hét í Hvammi í Hrafnagilssókn. Á jólaföstudni bar svo við að hún vildi fara í kynnisferð norður að Grenjaðarstað, og fylgdi Jóakim henni. Þau ætluðu Bíldsárskarð og gengu upp gil það er liggur ofan úr skarðinu, og dimmdi að af hríð. Nú gengu þau upp gilið, en þá féll á þau snjóflóð svo stúlkan lenti í því, en hann komst úr því um kveldið, og í hríðinni komst hann ofan að Brekku. Þegar birti upp hríðina var farið að leita og fannst hún örend í snjóflóðinu; hún var lögð á sleða sem átti að aka henni heim á, en þegar leitarmenn fóru ofan gilið tók snjóflóð sleðann með henni aftur, og fóru heim við svo búíð. Þarna sat hún tvo eða þrjá daga þar til þeir gátu fundið sleðann; svo var hún jörðuð. En þegar leið á veturinn fór Jóakim að dreyma hana og sá hana líka, en lét lítið bera á því." Áfram heldur sagan og segir frá því hvernig Jóka fylgdi Jóakim og gjörði honum ýmsar skráveifur.

Þjóðleiðin um Bíldsárskarð er geysimikið notuð ennþá af hestamönnum milli Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna. Samkvæmt bókinni Þúsund og ein þjóðleið var gjarnan farið um Bíldsárskarð frá Þórustöðum í Eyjafirði eða Kaupangi og var leiðin samkvæmt bókinni ríflega 27 km að Sörlastöðum í Fnjóskadal. Leiðin var haustið 2013 aðeins skoðuð á því svæði sem til úttekta var, vegna fyrirhugaðrar sumarbústaðabyggðar í landi Grjótárgerðis. Malarstígur er upp að hliði sem markar af sumarbústaðaland. Innan sumarbústaðalands er þjóðleiðin gamla nú moldargata eða skorningur í hliðina víðast hvar en sum staðar víð, 3-5 m á breidd, mold í botni. Liggur með landinu. Ofan við er bratti en neðan við meira aflíðandi og er hún því víða þar sem svolítill náttúruleg sylla í landinu.



Fast fyrir neðan hlíðarrætur lágu göturnar, að sögn Ragnars Jónssonar, heimildamanns fast sunnan við núverandi malarstíg eða á milli róta mels og túngarðs í Grjótárgerði t008 í kverk. Efst á þessu svæði, á malarkambinum er sléttað tún og virðist sem einhverjir götuslóðar hafi legið norðar bæði sunnan túns og við malarslóða og einnig þar sem túnið er í dag. Þetta má m.a. dæma af því að þar sem túni sleppir til austurs tekur við lyngi- og grasi vaxinn mói og þar er greinileg dæld eða gata í gegnum móann til austurs, líklega þar sem riðið hefur verið. Tvær dældir eða götur sjást ofarlega á svæðinu en sú syðri er óverulegri og hverfur undir veg (að sumarbústað ofar í hlíðinni) eftir um 55 m. Skýrari slóði er á bilinu 12-15 m norðar og liggur hann allt frá túni og að vegi að sumarbústaðalóð sem merkt er "Grjótárgerði - einkalóð" á skipulagsuppdrátt. Þessi gata er um 170 m löng og mjög skýr og bein. Á kafla breytist hún í tvo slóða en er víðast einn dýpri. Slóðarnir eru samsíða aðkomuvegi að norðan sem ráðgerður er að sumarbústaðahverfi í hlíðinni norðan Grjótárgerðis. Sunnan við aðkomuveg sjást einnig óljósir slóðar, allt að 5 saman á stuttum



*Þjóðleið SP-084:029. Á mynd til vinstri sést hin eiginlega þjóðleið sem enn er mikið farin af reiðfólki (horft til SSA) en á mynd til hægri eru slóðar sem líklega eru í tengslum við leiðina og liggja til austurs norðan við aðalleiðina (horft til austurs)*

kafla neðan (austan) við hundahreinsunarkofa 021. Einhverjir götuslóðar liggja líka í gegnum túnið á Grjótárgerði. Göturnar eru enn notaðar og því má búast við að götuslóðar frá ýmsum tímum sé að finna í nágrenni hans. Enn einn slóðinn er um 120 m norðan við veg, inni á lóð sem merkt er Grjótárgerði-einkalóð á skipulagsuppdrætti. Sá slóði kemur eins og hinir í ljós þar sem túni sleppir til austurs og liggur um móann til ANA. Hann er um 140 m langur og endar í uppblæstri. Leiðin er 0,2-0,3 m á hæð og breidd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjósatunga, 4; LP I, 144; KK: Íslenskir sögustaðir III, 94, 109; JÁ I, 278-279; Á: "Bíldsárskarð" Ferðir, 10-13; JKK: "Áin niðar" Árbók Þingeyinga 1982, 147-148; SSP, 56 og 1001 Þjóðleið, Jónas Kristjánsson

**SP-084:020** varða óþekkt


65°37.860N 17°50.968V

Varða er á háum melhóli rúmum 100 m norðan við Grjótá en um 500 m vestan við Grjótárbæ 001. Varðan er á melhóli sem markar af Stekkjarhvamm til norðurs.

Melhóllinn er ber í toppinn en kraginn umhverfis hann er lyngivaxinn.

Varðan er 1,2-1,5 m í þvermál en 0,3-0,4 m há. Hún er hlaðin úr mjög stóru grjóti. Varðan er lítillega gróin í botninn en gæti verið nýleg eða a.m.k. viðhaldið. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en ekki er ólíklegt að hún tengist þjóðvegi 019 og hafi verið vegvísir á leiðinni. Varðan var þarna þegar Ragnar Jónsson heimildamaður flutti í Fjósatungu á 5. áratug 20. aldar. Varðan er innan þess svæðis sem merktur er 1. áfangi sumarbústaðabyggðar á skipulagsupprátt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Varða SP-084:020, horft til ASA*

**SP-084:021** tóft

65°37.887N 17°50.624V

Einföld tóft úr torfi og grjóti er á sömu melbungu og vegur að ráðgerðri sumarbústaðabyggð liggur á. Hún er um 3 m frá vegarstöða sem merktur er sem aðkomuvegur að sumarbústaðabyggð á skipulagsupprátt. Tóftin er rúmum 200 m vestan við bæ 001. Tóftin er á grösugri melbungu. Fast sunnan við er bratt niður á áreyrar Grjótár en til norðurs eru tún.



*Tóft SP-084:021. Á mynd til vinstri er horft yfir tóftina og til ASA en mynd til hægri er af grjóthrúgu við tóft (horft til austurs)*

Tóftin er einföld og 6,5 x 5 m stór. Hún snýr nálega austur-vestur og op er austast á suðurvegg hennar. Veggir eru um 0,6 m háir og stendur austurveggur hæst. Tóftin er úr torfi og grjóti og sjást mest 5-6 umför af hleðslu. Um 18 m austan við tóftina er grjóthrúga sem greinilega er samsett. Hún er 3 x 2 m stór og um 0,4 m há. Ekki er ljóst hvernig hún er tilkomin en hluti hennar hefur fallið niður brekkuna til suðurs. Samkvæmt Ragnari Jónssyni,

heimildamanni var tóftin hundahreinsunarkofi. Ekki er vitað um aldur tóftarinnar en hafi hann upphaflega verið byggður fyrir hundahreinsun er ekki ólíklegt að hann sé frá fyrstu áratugum 20. aldar, í það minnsta var hann byggður eitthvað áður en Ragnar Jónsson heimildamaður flutti á jörðina 1948 og e.t.v. líklegra að hann hafi verið byggður á meðan búskapur var enn stundaður í Grjótárgerði eða fyrir 1937. Í reglugerð frá 1957 segir um slíkar byggingar: "Hundahreinsunarkofi er best settur á afviknum stað utantúns, fjarri gripahúsum og helzt á ógrónum bletti, sem ekki er líklegt, að fénaður sæli mjög að, en ella vel afgirtur" en samkvæmt reglugerðinni átti að vera einn slíkur kofi í hverjum hreppi nema staðsetning sveitarfélaga leyfði að þau gætu sameinast um færri kofa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Reglugerð um varnir gegn sullaveiki 201/1957 viðbætur

**SP-084:022** tóft óþekkt

65°37.885N 17°50.318V

Lítill tóft er til móts við bæ 001 10-15 m sunnan hans og er ein kvísl Grjótár á milli en hún er nú (2013) þurr. Tóftin er 5 x 5 m stór og er einföld. Hún snýr til móts við bæinn og er opin til norðurs, til móts við bæ. Tóftin er gróin og veggir hennar 0,2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs



*Tóftir hundahreinsunarkofans SP-084:021*



## 5. Fornleifar innan úttektarsvæða í landi Grjótárgerðis

Fornleifaskráning vegna sumarbústaðabyggingar í landi Fjósatungu (gamla Grjótárgerðis) var unnin í seinni hluta september 2013. Þegar skráningin var gerð var nokkur snjóþekja á svæðinu, þó aðallega á vesturhluta svæðisins sem teygði sig upp í heiðina. Engu að síður er talið að fullnægjandi yfirsýn hafi fengist um svæðið. Veðurskilyrði voru annars mjög góð, heiðríkt og skyggni gott. Hér verður fjallað um helstu niðurstöður úttektar og verður umfjölluninni skipt niður eftir svæðum. Samtals fundust 13 fornleifar innan skipulagssvæða eða á áhrifasvæði þeirra en sumar nokkur garðlög og götur náðu inn á fleiri en einn skipulagsreit. Hér á eftir fylgir umfjöllun um hvern reit og þær fornleifar sem fundust innan þeirra.

### a) Áætluð frístundabygging á 37 ha reit norðan við Grjótá

Umrætt svæði er neðst í hlíðum Vaðlaheiðar ofan við mýrar. Svæðið er á köflum í töluverðum bratta. Það er lyngivaxið en þar er þó talsverður víðir og runnagróður. Deiglendisflákar og lækjarsytrur skipta svæðinu upp. Í tíð Ragnars Jónssonar heimildamanns var svæðið sunnan við bæ í Fjósatungu frá hlíðarrótum, mest nýtt fyrir skepnubeit. Svæðið var kúahagi á sumrin en nýtt fyrir sauðfé á vorin og haustin. Ekki eru þekktar neinar tóftir á svæðinu enda virðist það ekki sérlega hentugt byggingaland. Á svæðinu og í jaðri þess reyndust hins vegar nokkrar fornleifar, flestar samgönguminjar og ber þar helst að nefna gamla þjóðleið sem liggur í gegnum svæðið endilangt. Aðrar fornleifar voru hins vegar utan þess svæðis sem áætlað er undir sjálfar sumarbústaðalóðirnar en innan deiliskipulagsreitsins. Skráðir voru 6 staðir í og við reitinn:

- Niðurgroftur SP-084:007. Stök gröf fannst í stararmýri norðaustarlega á reitnum. Ragnar Jónsson heimildamaður taldi að þarna hefði líklegast verið gerð misheppnuð tilraun til mótekju. Gröfin er neðan neðstu sumarbústaðalóða en innan marka deiliskipulagsreits.
- Við skráninguna fundust leifar garðs SP-084:009 sem líklegast er mjög forn og gæti verið hluti af þeim garði sem gjarnan hefur verið nefndur Fornigarður og er talinn hafa legið eftir vesturhlíð Fnjóskadals endilangri, frá Reykjum og alla leið norður að Gæsagili. Garðurinn er orðinn illgreinilegur á stórum parti innan deiliskipulagsreitsins en þó má greina leifar hans á kafla við austurjaðar þess, bæði nyrst og syðst. Hann er ekki sýnilegur innan þess hluta deiliskipulagsreitsins þar sem gert er ráð fyrir að sjálf sumarhúsin rísi.
- Tvær leiðir lágu áður um hlíðina til suðurs frá Fjósatungu og fundust ummerki um þær báðar. Neðri leiðin (SP-084:015) sést vel á löngum köflum og er í jaðri eða fast austan deiliskipulagsreits á kafla en hún er utan þess svæðis sem áætlað er fyrir sjálfa sumarbústaðabygginguna.



- Efri leiðin (SP-084:016) er sæmilega greinileg stuttu neðan við fjallgirðingu á suðurhluta svæðis en hverfur í mýrlendi skömmu eftir að komið er inn á deiliskipulagsreit. Á þeim kafla sem hún nær inn á reitinn er hún neðan þeirrar sumarbústaðabyggðar sem ráðgerð er á reitnum.
- Þjóðleið frá Eyjafirði og yfir í Fnjóskadal lá um Bíldsárskarð (SP-084:019) og niður í Fnjóskadal m.a. um land Fjósatungu og Grjótárgerðis. Leiðin liggur eins og áður segir í gegnum deiliskipulagsreitinn þveran. Leiðin er enn mikið nýtt af hestamönnum og á kafla hefur malaslóði verið gerður á henni. Víða má þó sjá götuslóða sem gætu verið eldri stinga sér undan þeim götum sem farnar eru í dag.
- Varða (SP-084:020) er á melhól við Grjótárgilið, allra suðvestast innan deiliskipulagsreits. Ekki er áætlað að byggja sumarhús á melnum. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast er þó að hún tengist þjóðleiðinni sem liggur um svæðið neðar.

#### *b) Einkafrístundalóð í suðausturhorni deiliskipulagsreits*

Á skipulagsuppdrætti er merkt lítil einkalóð, tæpur 1 ha að stærð, í suðausturhorni deiliskipulagsreits. Lóðin er í raun fyrst og fremst á svæði sem kallaðist Stekkjarhvammur og markast af melhólum, Stóra- og Litlahól að norðan. Á svæðinu hefur verið komið fyrir litlu einingahúsi og vestan við það hafa verið sléttaðar tvær flatir. Samanlagt eru þekktar 3 fornleifar á eða við reitinn:

- Stekkur var í Stekkjarhvammi (SP-084:014) en ekki sáust skýr ummerki um hann innan reitsins. Mögulegt er að sléttað hafi verið yfir hann í framkvæmdum eða að leifar hans sé að fast utan reitsins og er m.a. ógreinleg hæð eða þúst er ofarlega í hvamminum sem mögulega gæti verið síðustu leifar hans.
- Forngarður (SP-084:009 – sjá framar) liggur suðausturhorni úttekarsvæðis og er í horni einkalóðar eða fast utan hennar. Garðurinn er nokkuð greinilegur á þessum kafla þar sem hann liggur að Grjótá.
- Þjóðleið (SP-084:019) frá Eyjafirði (sjá framar) liggur í jaðri svæðis eða fast norðan þess.

#### *c) Grjótárgerði - einkalóð*

Á skipulagsuppdrætti er merkt einkalóð innan við 150 m norðan við túnjaðar gamla Grjótárgerðistúnsins. Lóðin um 4 ha stór og er á malarstalli í landinu, neðan hlíðar en ofan mikils mýrarsvæðis norðar og austar. Af stallinum hallar til austurs og suðurs en ræktað tún

er ofar, og nær að hlíðarrótum. Svæðið er að mestu leyti flatur en þýfður lyngmói. Um mitt svæðið er lág sem liggur eftir því endilöngu austur-vestur og lækkar svæðið þar til norðurs. Í skjólinu í láginni er hjólhýsi en ekki eru eiginlegar byggingar á reitnum. Innan svæðis er hafin talsverð skógrækt.

Aðeins voru skráðar 2 fornleifar í/við reitinn:

- Angar frá þjóðleið (SP-084:019 –sjá framar) virðast hafa legið inn á svæðið, mest nálægt suðurjaðri þess en einn slóði virtist þó hafa legið niður svæðið um miðbik þess. Ómögulegt er að segja nokkuð um aldur þessara götuslóða, þ.e. hvort að þeir séu frá fornri tíð eða tengist viðvarandi notkun leiðarinnar á 20. öld.
- Kálgarður (SP-084:012) er í suðurjaðri melsins sem lóðin er á og er í suðurjaðri lóðar. Kálgarðurinn er nokkuð merkilegur og þar sjást a.m.k. tvö byggingarstig en hann er í jaðri svæðisins.

#### *d) Íbúðarlóð*

Á skipulagsuppdrætti er merkt íbúðarlóð um 175 m norðan við Grjótárgerðislóðina. Íbúðarlóðin er um 2 ha stór og er á sama malarstallinum í landinu eins og Grjótárgerðislóðin. Lóðin er neðan hlíðar en ofan mikils mýrarsvæðis norðar og austar. Af stallinum hallar til austurs og norðurs en ræktað tún er ofar, og nær að hlíðarrótum. Svæðið er að mestu leyti flatur en þýfður lyngmói. Engar byggingar eru innan lóðar. Á lóðinni var aðeins skráð 1 fornleif, götur SP-084:015.

- Götur (SP-084:015) liggja eftir íbúðarlóðinni endilangri, sjá nánar umfjöllun um þær framar.

#### *e) Aðkomuvegur að sumarbústaðabyggð*

Malarvegur liggur nú frá þjóðvegi, til vesturs að hlíðarrótum en þar tekur við slóði sem ekki er bílfær. Þessi vegur liggur að stóru leyti þar sem þjóðvegurinn frá Eyjafirði til Fnjóskadals um Bíldsárskarð lá áður. Til stendur að byggja vegarlóðann upp frá þjóðvegi og til vesturs á um 950 m kafla að hlíðarrótum og gera hann að aðkomuvegi sumarbústaðabyggðar. Slóðinn var genginn á þessum kafla og tekið út 20 m breitt belti eða áhrifasvæði til beggja átta. Slóðinn liggur eftir flatlendi við ána allra austast en liggur svo uppi á malarkambi, norðan Grjótártúna vestar og sem leið liggur að hlíðarrótum. Fjölmargar fornleifar reyndust innan áhrifasvæðis vegarins en ljóst er að mörgum þeirra væri auðvelt að þyrma með aðgát og merkingu. Á áhrifasvæði aðkomuvegar voru skráðir 7 staðir:

- Þrjár vörður (SP-084:006) í hnappi við vegarstæðið og var sú sem næst er því aðeins 5 m frá jaðri vegarins. Ekki er vitað til þess að varðanna sé getið í heimildum og ekki er víst að þær séu mjög fornar þó að sú sem er vestast sé talsvert gróin í botninn.

- Túngarður Grjótárgerðis (SP-084:008) er innan áhrifasvæðis vegarins að sunnan og þar sem hann liggur næst veginum eru aðeins 10 m á milli. Vegurinn er þó uppi á malarkambi en túngarðurinn í hvammi neðar þannig að auðvelt ætti að vera að gæta þess að vegagerðin hafi ekki áhrif á túngarðinn. Túngarðurinn er heillegur og fallegur og það sama má segja um rústir bæjar og útihúsa innan túngarðs (SP:084:001-005, 017,022) sem eru innan garðs en utan hins eiginlega áhrifasvæðis vegarins og því ekki skráðar sérstaklega vegna úttektafarnar.
- Forngarður (SP-084:009) sést greinilega við Grjótá, um það leyti sem aðkomuvegur beygir til norðurs og er hann innan áhrifasvæðis vegarins.
- Í hvammi ofan við Grjótárgerðistún er Kvíaból þar sem falleg kvíatóft er enn varðveitt (SP-084:011). Kvíatóftin er um 16 m sunnan við veg og því innan áhrifasvæðis hans en vegurinn er á melkambinum ofan hvammsins og því ætti að vera auðvelt að gæta þess að endurbygging hans hafi ekki áhrif á stekkin.
- Óljós hleðsla (SP-084:018) er um 4 m norðan við malarveginn og er ljóst að hún er í talsverðri hættu vegna hans. Hleðslan er mjög óveruleg, einungis einföld steinaröð sem myndar fering, sem gæti verið grunnur af litlum kofa.
- Þjóðleið um Bíldsárskarð (SP-084:019) kom niður af heiðinni við Grjótá og er hún enn nýtt af hestamönnum. Núverandi malarslóði er í raun yngri útgáfa leiðarinnar, neðan hlíðarinnar þó að leiðin hafi að hluta til legið á milli malarslóða og túngarðs Grjótárgerðis. Aðkomuvegur verður því a.m.k. að hluta til á sama stað og gamla þjóðleiðin og hún er því á áhrifasvæði aðkomuvegar.
- Tóft úr torfi og grjóti (SP-084:021) er á melbungunni sem malarvegurinn liggur eftir. Tóftin er aðeins um 3 m sunnan við veginn og er því í stórhættu vegna uppbyggingar hans. Tóftin var hundahreinsunarkofi.

## 6. Helstu niðurstöður fornleifaúttektar innan úttektarsvæða

Við úttekt á deiliskipulagsreit, afmörkuðum lóðum sunnan og austan hans og í nágrenni aðkomuvegar voru skráðar 13 fornleifar af ýmsum toga á áhrifasvæði framkvæmdanna. Minjarnar voru nokkuð fjölbreytilegar og voru m.a. skráðar þrjár leiðir, túngarður, forn vörslugarður, kálgarður, vörður voru skráðar á tveimur stöðum, kvíar, möguleg mógröf, hundahreinsunarkofi og meint staðsetning stekkjara. Að auki var skráður einn minjastaður sem ekki var vitað hvaða hlutverki gegndi. Fornleifarnar voru almennt í ágætu ástandi, og skiptir þar nokkru að Grjótárgerði fór í eyði 1937 og síðan þá hefur rask í heimatúni jarðarinnar og næsta nágrenni verið lítið, þó að það hafi verið slegið talsvert lengur og svæðið nýtt frá Fjósatungu. Leiðirnar sem skráðar voru reyndust reyndar horfnar á köflum og kom þar margt til. Sum staðar höfðu þær horfið í tún eða mýri en í tilfelli þjóðleiðarinnar (SP-084:019) hefur notkun hennar allt fram á þennan dag spillt einhverju af eldri ummerkjum um leiðina. Á svæðinu voru einnig skráðar tvær styttri (SP-084:015-016) leiðir og sáust merki beggja. Auk þessara þriggja leiða er ekki ólíklegt að varða á Stórhóli (SP-084:020) hafi verið hlaðin í tengslum við þjóðleiðina.

Þrjú garðlög og gerði voru skráð á eða í námunda við svæðin sem tekin voru út. Garðlögin voru eins misjöfn og þau voru mörg og þau bera vitni um hversu fjölbreytilegu hlutverki hlaðnir garðar hafa frá fyrstu öldum og fram eftir þeirri tuttugustu gegnt til sveita. Það garðlag sem við virðist bæði fornlegast og umfangsmest á svæðinu er garðlag sem líklega hefur legið eftir endilangri hlíðinni (SP-084:009) í landi Fjósatungu, Grjótárgerðis og raunar eftir vesturhlíð Fnjóskadals endilangri - en er nú víða horfinn innan deiliskipulagsreita. Þar sem garðurinn sést er hann fornlegur og allt bendir til að hann sé hluti af miklu kerfi fornra garðlaga sem finna má víða um Þingeyjarsýslur og víða hafa verið byggðir á 10.-13. öld - þó vitanlega sé ekki hægt að skera úr um aldur þessa garðs nema með könnunarskurði. Aðrir garðar eru líklega yngri. Nokkuð stæðilegur garður markar af tún Grjótárgerðis og er hann nærri því alveg heill (SP-084:008). Garður eða gerði var einnig skráð í melhól skammt norðan við Grjótárgerðistúnið og er þar sem ræktað hefur verið. Þar sjást ummerki tveggja, mjög misgamalla garða (SP-084:012).

Auk vörðunnar sem fyrr er getið (SP-084:020) og gæti tengst þjóðleið voru skráðar þrjár vörður í hnapp við aðkomuveg (SP-084:006). Vörðurnar gætu verið nýlegar þó ein þeirra virðist áberandi mest gróin. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi vörðurnar voru

mögulega af kofa sem ekki er þekkt úr heimildum. Tvær tóftir voru skráðar skammt sunnan við sama veg og var önnur þeirra af fallega hlöðnum kvíum (SP-084:011) en hin, sem var stutt frá veginum af hundahreinsunarkofa (SP-084:021). Nokkru ofar er Stekkjarhvammur en í honum hefur þegar nokkurt rask átt sér stað. Samkvæmt Ragnari Jónssyni, heimildamanni, var það þó ekki á slóðum óljósra stekkjartófta og er mögulegt að óljós þúst efst í hvamminum séu leifar stekkjarsins eða að hann sé einfaldlega utan úttektarsvæðis. Niðurgröftur, mögulega tilraun til mógrafa (SP-084:007) í austurjaðri skipulagsreits.

Allar þær fornleifar sem fjallað er um hér eru taldar í hættu eða í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda í framtíðinni. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði framkvæmda þar sem mikils rasks sé að vænta. Í mörgum tilfellum ætti ekki að vera erfitt, í samvinnu við Minjastofnun ríkisins, að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar. Þar sem ekki verður hjá raski komið úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.



## Heimildaskrá

- „Bíldsárskarð.“ Á [frekari deili á greinarhöfundi vantar]. *Ferðir. Blað Ferðafélags Akureyrar*, 5 árg., 1944, 10-13
- BBSÞ:** Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson. *Byggðir og bú Suður-pingeyinga 1985*. [Án útgáfustaðar], 1986.
- JÁ:** Jón Árnason. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. I-VI bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Reykjavík, Þjóðsaga 1954-60.
- JÁM XI:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þingeyjarsýsla*. XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.
- Jón Kr. Kristjánsson.** „Áin niðar: vöð og ferjur yfir Fnjóská“. *Árbók Þingeyinga*. 1982.
- Jónas Kristjánsson.** *Þúsund og ein þjóðleið*. Sögur, Reykjavík 2011.
- KK:** Kálund, Kristian. *Íslenskir sögustaðir. Norðlendingafjórðungur III*. Reykjavík, Örn og Örlygur 1986.
- Lúther E. Gunnlaugsson. *Fornigarður*. Óútgefin skrá á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnastofnun.
- LP I:** Jón Sigurðsson. *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. Helgafell, Reykjavík, 1954.
- Reglugerð um varnir gegn sullaveiki 201/1957 viðbætur.**
- SSÞ:** Þingeyjarsýslur. *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Reykjavík, 1994.
- Túnakort Grjótárgerðis frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Úr torfbæjum inn í tækniöld bindi I-III.** Árni Björnsson o.fl. Reykjavík, Örn og Örlygur 2003.
- Ö-Fjósatunga:** Örnefnaskrá Fjósatungu. Ingibjörg Ingólfssdóttir skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnastofnun.
- Ö-Grjótárgerði viðauki:** Viðauki við örnefnaskrá Grjótárgerðis. Sigurjón Páll Ísaksson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnastofnun.
- Ö-Grjótárgerði:** Örnefnaskrá Grjótárgerðis. Hallgrímur Sigfússon skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnastofnun.
- Fornleifastofnun Íslands: **ÍSLEIF**, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar.
- Heimildamaður:** Ragnar Jónsson, f. 1934. Fyrrum ábúandi í Fjósatungu.





Viðhengi 1:

Hnitaskrá í ISN93

Samtala	Longitude	Latitude
SP-084:001	553479.74	570914.41
SP-084:002	553584.27	570961.15
SP-084:003	553498.08	570957.6
SP-084:004	553432.4	570904.15
SP-084:005	553413.27	570889.16
SP-084:006A	553586.84	571043.01
SP-084:006B	553575.99	571034.72
SP-084:006C	553545.02	571037.09
SP-084:007	552997.1	571342.41
SP-084:008	553458.04	570952.08
SP-084:009 hluti 1	552816.04	571700.39
SP-084:009 hluti 1	552798.68	571740.82
SP-084:009 hluti 2	552924.72	571479.49
SP-084:009 hluti 3	553160.02	570858.99
SP-084:010	552902.63	571514.4
SP-084:011	553329.64	570895.87
SP-084:012	553564.94	571123.67
SP-084:014	552966.53	570685.22
SP-084:015	553117.61	571345.76
SP-084:016 A	552731.03	571815.18
SP-084:016 B	552795.73	571692.11
SP-084:016 C	552848.78	571578.1
SP-084:017	553368.69	570901.59
SP-084:018	553512.28	571019.14
SP-084:019 A	552867.32	571119.53
SP-084:019 B	553532	571035.12
SP-084:019 C	553391.97	570948.53
SP-084:019 D	553391.57	571078.31
SP-084:020	552988.82	570832.75
SP-084:021A	553252.52	570887.78
SP-084:021B	553269.68	570889.56
SP-084:022	553487.03	570888.18







Áætl. fristundab.

Íbúðarlóð

Grjótárgerði  
einkalóð

Einkafríst.  
lóð

- Garðlag
- - - Götur
- - - Tóftir

**Grjótárgerði/Fjósatungu Fnjóskadal**

teikn: Fornleifaskráning      mkv: 1:3000 í A3      teiknað af: ghg/eh

verknr:                      dags: 14.10.13    br:                      br:                      teikn-nr:

**BÚGARÐUR**  
Ráðgjafapjónusta á Norðausturlandi  
Óseyri 2, 603 Akureyri, s:460 4477. netf: bugardur@bugardur.is

guðmundur h gunnarsson  
ráðgjafi

•SP-084:009

•SP-084:007

•SP-084:015

•SP-084:019

•SP-084:012

•SP-084:019

•SP-084:006C    •SP-084:006A  
•SP-084:019    •SP-084:006B

•SP-084:018

•SP-084:019

•SP-084:008

•SP-084:002

•SP-084:001

•SP-084:017

•SP-084:004

•SP-084:022

•SP-084:021B  
•SP-084:021A

•SP-084:011

•SP-084:005

•SP-084:009

•SP-084:020

•SP-084:014